

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 218/2012****2013/EES/18/14****frá 7. desember 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og  
IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar uppþvottavéla til heimilisnota <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar kælitækja til heimilisnota <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota <sup>(3)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 249, 27.9.2011, bls. 21 og Stjtið. ESB L 297, 16.11.2011, bls. 72.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar sjónvarpa <sup>(4)</sup>.
- 5) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1059/2010 fellur úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB <sup>(5)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 6) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1060/2010 fellur úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB <sup>(6)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 7) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1061/2010 fellur úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EB <sup>(7)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 8) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Ákvæði II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 4a (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB), liðar 4b (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EB) og liðar 4f (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB) í IV. kafla falli brott.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 47.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 64.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 118, 7.5.1997, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 45, 17.2.1994, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 47, 24.2.1996, bls. 35.

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 4h (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/31/EB) í IV. kafla:
- „4i. **32010 R 1059**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar uppvottavéla til heimilisnota (Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 1).
- 4j. **32010 R 1060**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar kælitækja til heimilisnota (Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 17).
- 4k. **32010 R 1061**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota (Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 47), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 249, 27.9.2011, bls. 21 og Stjtið. ESB L 297, 16.11.2011, bls. 72.
- 4l. **32010 R 1062**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar sjónvarpa (Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 64).“
3. Texti 1. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB), 2. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EB) og 5. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB) í 1. viðbæti falli brott.
4. Texti 1. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB), 2. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EB) og 5. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB) í 2. viðbæti falli brott.

2. gr.

Ákvæði IV. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 11a (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB), liðar 11b (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EB) og liðar 11f (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB) falli brott.
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 11h (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/31/EB):

„11i. **32010 R 1059**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar uppvottavéla til heimilisnota (Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 1). <sup>(1)</sup>

<sup>(1)</sup> Skráð hér eingöngu í upplýsingaskyni. Um beitingu sjá II. viðauka um tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun.

11j. **32010 R 1060**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar kælitækja til heimilisnota (Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 17). <sup>(1)</sup>

<sup>(1)</sup> Skráð hér eingöngu í upplýsingaskyni. Um beitingu sjá II. viðauka um tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun.

11k. **32010 R 1061**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota (Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 47), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 249, 27.9.2011, bls. 21 og Stjtið. ESB L 297, 16.11.2011, bls. 72). <sup>(1)</sup>

<sup>(1)</sup> Skráð hér eingöngu í upplýsingaskyni. Um beitingu sjá II. viðauka um tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun.

11l. **32010 R 1062**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar sjónvarpa (Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 64). <sup>(1)</sup>

<sup>(1)</sup> Skráð hér eingöngu í upplýsingaskyni. Um beitingu sjá II. viðauka um tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun.“

3. Texti 1. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB), 2. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EB) og 5. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB) í 5. viðbæti falli brott.
4. Texti 1. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB), 2. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EB) og 5. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB) í 6. viðbæti falli brott.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1059/2010, (ESB) nr. 1060/2010, (ESB) nr. 1061/2010, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 249, 27.9.2011, bls. 21 og Stjtið. ESB L 297, 16.11.2011, bls. 72, og (ESB) nr. 1062/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*), eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 217/2012 frá 7. desember 2012 (<sup>8</sup>), hvort sem ber upp síðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Atle Leikvoll***

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(<sup>8</sup>) Stjtið. EB L 81, 21.3.2013, bls. 17, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 18, 21.3.2013, bls. 19